

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til lækkunar á húshitunarkostnaði.

Frá Einari K. Guðfinssyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar sem lögð var fram í desember sl.?
2. Má gera ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp á þessu þingi til þess að hrinda í framkvæmd þessum tillögum eða öðrum um lækkun húshitunarkostnaðar og sé svo, hvenær er stefnt að því að slíkar ráðstafanir taki gildi?